

**2010 nr. 90 25. júní****Lög um stjórnlagabætur**

Tóku gildi 2. júlí 2010. Breytt með L. 120/2010 (tóku gildi 24. sept. 2010).

**I. kafli. Hlutverk og skipan.****■ 1. gr. Hlutverk.**

□ Forseti Alþingis skal í samráði við stjórnlaganefnd boða til ráðgefandi stjórnlagabætur til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

**■ 2. gr. Skipan og starfstími.**

□ Stjórnlagabætur skal skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þeir skulu kosnir persónukosningu.

□ Þingið skal koma saman eigi síðar en 15. febrúar 2011 og ljúka störfum 15. apríl 2011 en getur ákveðið sjálft að ljúka störfum fyrir.

□ Stjórnlagabætur er heimilt að óska eftir því við Alþingi að starfstími þingsins verði framlengdur með þingsályktun um allt að tvo mánuði.

**■ 3. gr. Viðfangsefni.**

□ Stjórnlagabætur skal sérstaklega taka til umfjöllunar eftirfarandi þætti:

1. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.

2. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.

3. Hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins.

4. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.

5. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.

6. Lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnskipunarlaga.

7. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð ut-anríkismála.

8. Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.

□ Stjórnlagabætur getur ákveðið að taka til umfjöllunar fleiri þætti en getið er í 1. mgr.

**II. kafli. Kosning til stjórnlagabætur.****■ 4. gr. Kjördagur.**

□ Forseti Alþingis ákveður kjördag í samráði við stjórnlaganefnd og dómsmála- og mannréttindaráðherra. Kosning til stjórnlagabætur skal fara fram eigi síðar en 30. nóvember 2010. Skal kosningin vera leynileg.

**■ 5. gr. Kosningarréttur og kjörskrá.**

□ Kosningarrétt til stjórnlagabætur eiga þeir sem uppfylla skilyrði 1. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þegar boðað hefur verið til kosninga til stjórnlagabætur skal Þjóðskrá Íslands semja kjörskrá og setja á rafrænt form til að nota við atkvæðagreiðsluna.

□ Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis og skráðir voru með lögheimili í tilteknu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár Íslands þremur vikum fyrir kjördag. Enn fremur skal taka á kjörskrá þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. þeirra laga og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í tilteknu sveitarfélagi.

□ Sautján dögum fyrir kjördag skal Þjóðskrá Íslands birta hina rafrænu kjörskrá almennings til sýnis á heimasíðum dómsmálaráðuneytisins og Þjóðskrár Íslands. Þjóðskrá Íslands skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef

við á. Slíka leiðréttingu má gera fram að kjördegi. Ákvörðun Þjóðskrár Íslands er endanleg.

□ Þremur vikum fyrir kjördag skal dómsmálaráðuneytið birta auglýsingu í Ríkisútvarpi og dagblöðum þar sem vakinn er athygli almennings á því hvar nálgast megi hina rafrænu kjörskrá og hvernig megi gera athugasemdir við hana.

**■ 6. gr. Kjörgengi.**

□ Kjörgengir til stjórnlagabætur eru þeir sem eru kjörgengir við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra, ráðherrar og nefndarmenn í stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd eru þó ekki kjörgengir.

**■ 7. gr. Auglýsing um kosninguna.**

□ Landskjörstjórn skal auglýsa kosningu til stjórnlagabætur í Ríkisútvarpi, dagblöðum og Lögbertingablaði eigi síðar en átta vikum fyrir kjördag.

**■ 8. gr. Framboð.**

□ Framboðum til kosningar til stjórnlagabætur skal skila í hendur landskjörstjórnar ekki síðar en kl. 12 á hádegi fjórtíu dögum fyrir kjördag.

□ [Framboði skal skilað á sérstöku eyðublaði, sem landskjörstjórn útbýr í samráði við dómsmálaráðuneytið, undirrituðu af frambjóðanda. Eyðublaðinu skal skilað á því formi sem landskjörstjórn ákveður. Með framboði skal fylgja listi með nöfnum minnst 30 og mest 50 meðmælenda, sem skulu fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, og skrifleg yfirlýsing frá hverjum meðmælenda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum. Í framboði sínu skal frambjóðandi m.a. tiltaka lögheimili sitt og í samandregnu máli gera grein fyrir framboði sínu til notkunar í kynningarefni skv. 9. gr. Í sama tilgangi skal framboði fylgja ljósmynd af frambjóðanda í því formi sem landskjörstjórn fer fram á.]<sup>1)</sup>

□ Hverjum kosningarbærum manni er einungis heimilt að mæla með einum frambjóðanda.

□ Landskjörstjórn skal innan þriggja daga frá því að framboðsfrestur rennur út tilkynna frambjóðanda hvort ágallar séu á framboðinu eða lista yfir meðmælendur. Skal frambjóðanda veittur tveggja daga frestur til að bæta úr ágöllum.

□ Náist ekki tilskilinn lágmarksfjöldi frambjóðenda, sbr. 1. mgr. 2. gr., þegar framboðsfrestur rennur út skal landskjörstjórn framlengja frestinn um tvær vikur. Nái fjöldi frambjóðenda þá ekki tilskildu lágmarki koma löggin ekki til framkvæmda.

□ [Landskjörstjórn raðar frambjóðendum í stafrófsröð, en fyrsta nafn skal valið af handahófi. Samtímis úthlutar landskjörstjórn frambjóðendum auðkennistölu sem valin er af handahófi.]<sup>1)</sup>

□ Landskjörstjórn auglýsir á vefsíðu sinni og vefsíðu á vegum dómsmálaráðuneytisins 24 dögum fyrir kjördag nöfn frambjóðenda [og auðkennistölu, svo og]<sup>1)</sup> starfsheiti þeirra og sveitarfélög þar sem þeir eru búsettir.

□ Ákvæði laga um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra gilda um framlög eða styrki til frambjóðenda eftir því sem við á.

□ Kostnaður hvers frambjóðanda vegna kosningabaráttu má að hámarki nema 2 millj. kr.

<sup>1)</sup> L. 120/2010, 1. gr.**■ 9. gr. Kynning á frambjóðendum og kosningu.**

□ Dómsmálaráðuneytið skal útbúa kynningarefni um frambjóðendur. Skal kynningarefni dreift á öll heimili hér á landi. Einnig skal kynningarefni birt á vefsíðu á vegum ráðuneytisins.

□ Dreifa skal til allra kjósenda í landinu afriti af kjörseðli, auðkenndum sem kynningarseðill, ásamt skýringum á því hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Kynningarseðillinn skal jafnframt birtur á vefsíðu á vegum ráðuneytisins ásamt skýringum. Kynningarseðillinn má kjósendi hafa með sér í kjörklefa.

■ **10. gr. Gerð og prentun kjörseðla.**

□ Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendir þá ásamt öðrum kjörgögnum til þeirra sem annast framkvæmd atkvæðagreiðslunnar á kjörfundi og utan kjörfundar. Haga skal sendingunum í samræmi við lög um kosningar til Alþingis.

□ [Efst á kjörseðli skulu prentaðar leiðbeiningar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram, sbr. reglur 11. gr. Á kjörseðli skulu vera tuttugu og fimm vallínur. Í fyrstu vallínu standi auðkennistala þess frambjóðanda sem er 1. val kjósenda, í annarri vallínu standi auðkennistala þess frambjóðanda sem er 2. val kjósenda, í þriðju vallínu standi auðkennistala frambjóðanda sem er 3. val kjósenda o.s.frv. Fremst í hverri vallínu skulu vera ferningar fyrir stafi í auðkennistölu frambjóðanda, jafnmargir og nauðsynlegt er, sbr. 6. mgr. 8. gr. Á bakhlíð kjörseðils komi auðkennistákn seðilsins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 120/2010, 2. gr.

■ **11. gr. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.**

□ Kjósendi getur greitt atkvæði á kjörfundi hvar sem er á landinu enda verði sýnilegt í rafrænu kjörskránni á öllum kjörstöðum að hann hafi neytt atkvæðisréttar síns. Um kjördeildir, kjörstaði og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Sveitarstjórnir leggja til tölvubúnað í hverri kjördeild til að tryggja aðgang að rafrænu kjörskránni.

□ [Kjósendi sem greiðir atkvæði á kjörfundi setur auðkennistölu frambjóðanda í ferning, einn eða fleiri, fyrir framan 1. val sitt, þar á eftir auðkennistölu þess frambjóðanda sem hann velur í 2. vali, á eftir því vali auðkennistölu þess frambjóðanda sem hann vill að næstur komi til álita o.s.frv. Í kjörklefa skal liggja listi yfir frambjóðendur og auðkennistölur þeirra.]<sup>1)</sup>

□ Setji kjósendi önnur merki við nöfn frambjóðenda en 2. mgr. kveður á um, t.d. strikar yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum við talningu atkvæða, sbr. 14. gr.

□ Að atkvæðagreiðslu lokinni gengur undirkjörstjórn frá kjörgögnum í samræmi við 95. gr. laga um kosningar til Alþingis og sendir landskjörstjórn á öruggan hátt. Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gefur viðurkenningu fyrir móttöku þegar gögnin berast.

<sup>1)</sup> L. 120/2010, 3. gr.

■ **12. gr. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.**

□ Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag. Þar sem atkvæðagreiðsla fer fram skal kjörstjóri hafa aðgang að sérstakri skrá, utankjörfundarskrá, sem skal vera á rafrænu formi og sækir gögn í rafrænu kjörskrána. Í rafrænu kjörskránni verður sýnilegt að greitt hafi verið atkvæði utan kjörfundar, hvar það var gert og hvenær. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sömu kjörstjórum og við alþingiskosningar. Henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Kjósenda, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, er óheimilt að greiða atkvæði á kjörfundi.

□ Eftir að kjósendi hefur gert grein fyrir sér á viðhlítandi hátt fyrir kjörstjóra fær hann afhent kjörgögn sem eru kjör-

seðill skv. 10. gr., kjörseðilsumslag og sendiumslag. Því næst greiðir hann atkvæði í einrúmi eins og lýst er í 2. mgr. 11. gr., leggur kjörseðilinn í kjörseðilsumslagið og lokar því. Því næst skal kjörseðilsumslagið sett í sendiumslagið og því lokað. Kjörstjóri skal gæta þess að nafn og kennitala kjósendans sé skráð á sendiumslagið og að það sé áritað til landskjörstjórnar. Merking í utankjörfundarskrá kemur í stað fylgiþréfs, vottunar og skrár skv. 63. og 66. gr. laga um kosningar til Alþingis en um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer að öðru leyti eftir þeim lögum nema annað leiði af lögum þessum. Hafi kjörstjóri ekki aðgang að utankjörfundarskrá fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir lögum um kosningar til Alþingis.

■ **13. gr. Talning atkvæða.**

□ Landskjörstjórn eða aðili sem hún tilnefnir gengur úr skugga um að kjósendur, sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar, standi á kjörskrá og að þeir eigi rétt á að greiða atkvæði og metur að öðru leyti hvort atkvæðið skuli tekið til greina, sbr. 91. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þessa athugun má hefja á kjördegi. Atkvæði sem greidd hafa verið utan kjörfundar verða að hafa borist landskjörstjórn fyrir kl. 22 á kjördag.

□ Talning atkvæða fer fram fyrir opnum dyrum hjá landskjörstjórn. Hún skal auglýsa með nægum fyrirvara hvenær hún komi saman til að opna atkvæðakassa og hefja talningu atkvæða. Landskjörstjórn getur kvatt yfirkjörstjórnir í kjördæmunum í Reykjavík sér til aðstoðar. Um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á að teknu tilliti til 14. gr. Heimilt er að beita rafrænum aðferðum við talningu og útreikning á því hver hafi náð kjöri. Landskjörstjórn úrskurðar um gildi atkvæða sem eru haldin einhverjum annmörkum og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

■ **14. gr. [Úthlutun sæta, útgáfa kjörbréfa og úrskurðir í ágreiningsmálum.]<sup>1)</sup>**

□ [Úthlutun sæta ræðst af eftirfarandi aðgerðum:

1. *Meinbugir á útfyllingu kjörseðils:*

a. Sé efsta vallína auð telst kjörseðillinn ógildur.

b. Sé vallína auð eða hún ekki rétt útfyllt telst seðillinn ekki ógildur af þeim sökum en aðeins skal taka tillit til útfyllingar í vallinum fram að auðu línunni en ekki til þeirra sem á eftir kunna að koma.

c. Tvítekin auðkennistala gerir seðil ekki ógildan en aðeins skal taka tillit til vallína fram að fyrstu endurtekningu tölunnar en ekki annarra lína.

d. Ef ekkert val verður lesið af kjörseðli vegna atvika sem að framan greinir telst kjörseðillinn ógildur.

2. *Sætishlutur:* Ákvarða skal sætishlut með þeim hætti að deila fyrst heildartölu gilda kjörseðla með 26. Tekið skal heiltölugildið af útkomunni, þ.e. leif skal felld brott. Að því búnu skal bæta einum við og nefnist sú útkoma sætishlutur.

3. *Flokkun kjörseðla:* Kjörseðlar skulu flokkaðir í bunka eftir nöfnum þeirra frambjóðenda sem tilgreindir eru að 1. vali á seðlunum.

4. *Gildistölu:* Ákvarða skal atkvæðisgildi kjörseðla í hverjum bunka. Í upphafi er atkvæðisgildi allra seðla jafnt einum en síðar fer að ákvæðum 6. tölul. um hugsanlegar breytingar á atkvæðisgildum. Með atkvæðatölu frambjóðanda er átt við samtölu atkvæðisgilda allra kjörseðla í bunka hans á hverju stigi úthlutunarinnar.

5. *Úthlutun sæta:* Jafnóðum og í ljós kemur að atkvæðatala frambjóðanda er jöfn eða hærri en nemur sætishlutnum

skal frambjóðandanum úthlutað sæti. Á þetta við hvort sem er í upphafi eða síðar þegar beitt er ákvæðum 6. og 7. tölul.

6. *Færsla umframatkvæða*: Hafi frambjóðandi hlotið atkvæðatölu umfram sætishlut skal færa hvern einstakan kjörseðil hans í bunka þess frambjóðenda sem næstur er nefndur í forgangsröð á seðlinum og er meðal þeirra sem enn koma til álita að hljóta sæti. Sé engan frambjóðanda að næsta vali að finna skal leggja slíkan seðil til hliðar. Að öðru leyti fer um færslu seðlanna sem hér segir:

a. Ákvarða skal umframhlutfall hjá frambjóðanda sem seðlar eru færðir frá. Fæst það með því að deila þeim hluta af atkvæðatölu frambjóðandans sem er umfram sætishlut með óskertri atkvæðatölu hans. Endurmeta skal atkvæðisgildi viðkomandi seðla með því að margfalda fyrra atkvæðisgildi hvers þeirra með umframhlutfallinu.

b. Hafi fleiri en einn frambjóðandi atkvæðatölu umfram sætishlut skal fyrst færa seðla frá þeim sem hæsta hefur atkvæðatöluna og síðan koll af kalli. Að lokinni færslu skal aðgæta hvort þá hafi bæst í hóp þeirra frambjóðenda sem náð hafa sætishlut. Skal þá ganga úr skugga um hver umræddra frambjóðenda er nú með hæstu atkvæðatöluna áður en aftur er valinn sá þeirra sem næst skal færa seðla frá.

7. *Útilokun*: Komi að því að enginn frambjóðandi sem til álita kemur að hljóta sæti uppfyllir ákvæði 5. tölul. skal finna þann frambjóðanda sem þá hefur lægstu atkvæðatölu. Sá frambjóðandi kemur ekki lengur til álita við úthlutun sæta, sbr. þó 2. mgr. Kjörseðlar í bunka hans skulu allir færðir í bunka þeirra frambjóðenda sem enn koma til álita og næstir eru nefndir í forgangsröð á umræddum seðlum, sbr. ákvæði 6. tölul. Sé engan slíkan að finna skal leggja þann seðil til hliðar.

8. *Lok úthlutunar*: Beita skal ákvæðum 6. og 7. tölul. svo lengi sem við á en þó þannig að ákvæði 6. tölul. hafi ávallt forgang. Þegar tala þeirra frambjóðenda sem enn koma til álita að hljóta sæti er orðin jöfn tölu þeirra 25 sæta sem eftir er að ráðstafa skal sætunum úthlutað til þessara frambjóðenda án frekari útreikninga.

9. *Nákvæmni í reikningi*: Útreikningar á atkvæðisgildum, atkvæðatölum og umframhlutföllum skulu gerðir með fimm tugabrotstöfum. Ekki skal taka tillit til tugabrotstafa umfram fimm í útkomutölum.

10. *Hlutkesti*: Reynist einhverjar atkvæðatölur sem hafa áhrif á framvindu röðunarinnar jafnstórar skal hluta um þær. □ Hafi frambjóðendur af öðru kyninu fengið úthlutað færri en tíu sætum eða sem nemur tveimur fimmtu allra þingsæta skal úthluta sætum til þeirra frambjóðenda sem næstir eru í röðinni af því kyni, sé þá að finna, þangað til hlutfall þeirra nemur að minnsta kosti tveimur fimmtu allra fulltrúa. Heildartala þingfulltrúa skal þó aldrei vera hærri en 31. Þetta skal gert með því að horfa til atkvæðatalna frambjóðenda þess kynsins sem hallar á eins og þær voru næst á undan því að útilokunarákvæði 7. tölul. 1. mgr. var beitt hvað þá snertir. Sætum skal úthlutað til þeirra sem höfðu þessar atkvæðatölur hæstar.<sup>1)</sup>

□ Að lokinni talningu og úthlutun sæta birtir landskjörstjórn greinargerð um úrslitin opinberlega og boðar frambjóðendur til stjórnlagabings til fundar. Þar lýsir hún úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa þjóðkjörnum fulltrúum á stjórnlagabingi. Eftir að kjörbréf hafa verið afhent tilkynnir landskjörstjórn forseta Alþingis um niðurstöðu kosninganna og sendir nöfn hinna kjörnu fulltrúa til birtingar í Stjórnartíðindum.

□ Nú er ágreiningur um kjörgengi frambjóðanda til stjórnlagabings sem náð hefur kjöri og sker landskjörstjórn þá úr.

<sup>1)</sup> L. 120/2010, 4. gr.

#### ■ 15. gr. *Kærur og fleira.*

□ Ef kjósandi telur fulltrúa á stjórnlagabingi skorta kjörgengisskilyrði, framboð hans hafi ekki uppfyllt skilyrði laga eða kjör hans sé af öðrum ástæðum ólöglegt, getur hann kært kosningu hans til Hæstaréttar sem sker úr um gildi hennar. Kæra skal afhent Hæstarétti innan tveggja vikna frá því að nöfn hinna kjörnu fulltrúa voru birt í Stjórnartíðindum. Hæstiréttur aflar greinargerðar og gagna frá landskjörstjórn og gefur viðkomandi fulltrúa færi á að tjá sig um kærana áður en skorið er úr um gildi kosningarinnar.

□ Ákvæði 114. gr., XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt þessum lögum að svo miklu leyti sem við getur átt.

#### ■ [15. gr. a. *Heimild til þess að víkja frá fyrirmælum um rafræna kjörskrá.*

□ Ef ekki reynist unnt að beita ákvæðum laga þessara um rafræna kjörskrá er dómsmála- og mannréttindaráðherra heimilt að víkja frá ákvæðum þeirra þar að lútandi. Um gerð kjörskrár vegna atkvæðagreiðslu á kjörfundi fer skv. 2. mgr. 5. gr. laga þessara og ákvæðum VI. kafla laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

□ Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag og henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Að öðru leyti fer um kosningu utan kjörfundar eftir ákvæðum XII. kafla laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

□ Mörk kjördæma, kjörstaðir og kjördeildir skulu þó vera hin sömu og í síðastliðnum alþingiskosningum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 120/2010, 5. gr.

### III. kafli. Skipulag og starfshættir stjórnlagabings.

#### ■ 16. gr. *Forseti og forsætisnefnd.*

□ Forseti Alþingis setur stjórnlagabing og stýrir kjöri forseta þingsins úr hópi þingfulltrúa í sérstöku kjöri og vikur forseti Alþingis svo af stjórnlagabingi.

□ Forseti stjórnlagabings stýrir kjöri varaforseta og þriggja formanna starfsnefnda úr hópi þingfulltrúa á fyrsta fundi stjórnlagabings.

□ Forseti, varaforseti og formenn starfsnefnda skipa forsætisnefnd stjórnlagabings.

□ Forseti stjórnlagabings er formaður forsætisnefndar. Hann ber ábyrgð á rekstri stjórnlagabings og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.

□ Forsætisnefnd hefur yfirmun með skipulagi þingsins og gerir starfsáætlun um samkomutíma þess, svo og um skipulag á störfum starfsnefnda, sbr. 17. gr.

#### ■ 17. gr. *Starfsnefndir.*

□ Auk forsætisnefndar skulu þrjár starfsnefndir starfa á vegum þingsins:

1. Nefnd um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, dómstóla og réttarríkið.

2. Nefnd um skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og hlutverk forseta lýðveldisins.

3. Nefnd um kosningamál og þjóðaratkvæðagreiðslur.

□ Nefndirnar skal kjósa á öðrum fundi stjórnlagabings eftir að það kemur saman. Skal þingið kjósa tvo þingfulltrúa til setu í hverri nefnd auk formanns nefndarinnar.

□ Sama þingfulltrúa má ekki kjósa til setu í fleiri en einni nefnd.

Allir þingfulltrúar eiga seturétt á fundum nefnda með mál-frelsi og tillögurétti.

Nefndir geta ákveðið að halda fundi sína í heyranda hljóði og opna öllum eftir því sem húsrúm leyfir.

■ **18. gr. Þingfundir og fundarsköp.**

Stjórnlagabing starfar í einni málstofu.

Þingfundir skulu haldnir í heyranda hljóði og eru öllum opnir eftir því sem húsrúm leyfir.

Forseti þingsins stýrir þingfundum. Um fundarsköp skulu settar nánari reglur í starfsreglum þingsins.

■ **19. gr. Réttindi og skyldur fulltrúa þingsins.**

Stjórnlagabingsfulltrúar eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og ekki við nein fyrirmæli frá kjósendum sínum eða öðrum.

Fulltrúar á stjórnlagabingi skulu á samkomutímabili þingsins njóta launa sem samsvara þingfararkaupi alþingismanna og skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Forseti stjórnlagabings nýtur samsvarandi launa og forseti Alþingis. [Þeir sem taka sæti á stjórnlagabingi og bera skyldur samkvæmt ráðningar- og kjarasamningum eiga rétt á leyfi frá störfum sínum þann tíma sem þeir gegna þingstörfum.]<sup>1)</sup>

Nefndarformenn njóta samsvarandi launa og formenn fastanefnda Alþingis.

Stjórnlagabing skal njóta sömu verndar og Alþingi skv. 36. gr. stjórnarskrárinnar og XI. kafla almennra hegningarlaga.

<sup>1)</sup> L. 120/2010, 6. gr.

■ **20. gr. Kynning og þátttaka almennings.**

Á vegum stjórnlagabings skal setja upp vefsíðu þar sem birt verði kynningarefni um stjórnarskrána og störf þingsins, erindi sem þinginu berast, útsending þingfunda, þingskjöl sem varða meðferð tillagna og frumvarp til stjórnarskipunarlaga o.fl.

Stjórnlagabing skal auglýsa með víðtækum hætti eftir tillögum frá almenningi, hagsmunasamtökum eða öðrum sem kunna að vilja koma tillögum sínum og öðrum erindum á framfæri við þingið.

Tillögur og erindi sem þinginu berast skulu send viðeigandi starfsnefnd til meðferðar.

■ **21. gr. Skrifstofa og sérfræðiaðstoð.**

Forsætisnefnd stjórnlagabings skal hafa eftirlit með því að kostnaður við þingið rúmist innan ramma fjárlaga. Ákvarðanir nefndarinnar um útgjöld við þingið sjálft, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar, skulu teknar í samráði við forsætisnefnd Alþingis.

Forsætisnefnd skal ráða starfsmenn þingsins, þar á meðal skrifstofustjóra, og fer um verkvið og ráðningarkjör þeirra eftir nánari ákvörðun hennar. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

Forsætisnefnd skal ráða sérfræðinga til þess að starfa með nefndum þingsins.

Forsætisnefnd staðfestir kostnaðarreikninga frá nefndum vegna sérfræðiaðstoðar og annars sem hún telur nauðsynlegt. Kostnaður við stjórnlagabing skal greiddur úr ríkissjóði.

■ **22. gr. Starfsaðstaða.**

Forsætisnefnd Alþingis skal sjá stjórnlagabingi fyrir starfsaðstöðu.

**IV. kafli. Undirbúningur og meðferð frumvarps til stjórnarskipunarlaga.**

■ **23. gr. Ákvörðun um viðfangsefni nefnda þingsins.**

Í upphafi stjórnlagabings skal þingið ákveða viðfangsefni og verkaskiptingu nefnda, með sérstöku tilliti til 3. gr.

■ **24. gr. Málsmeðferð í nefndum þingsins.**

Niðurstöður og tillögur nefnda þingsins skulu kynntar af nefndarformönnum og ræddar í samræmi við starfsreglur stjórnlagabings.

■ **25. gr. Umræður um niðurstöður nefnda þingsins.**

Í starfsreglum þingsins skal kveðið á um meðferð og umræður um tillögur nefnda þingsins.

Við lok tímabilsins skal forsætisnefnd falið að undirbúa frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

■ **26. gr. Undirbúningur og meðferð frumvarps.**

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal undirbúið af forsætisnefnd þingsins og sérfræðingum sem unnið hafa með nefndum þess.

Forseti þingsins leggur fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Frágangur frumvarpsins skal fylgja þeim reglum sem gilda um lagafrumvörp í ákvæðum laga um þingsköp Alþingis.

Frumvarpið skal rætt við tvær umræður. Við fyrri umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þegar þeirri umræðu er lokið gengur það til síðari umræðu og forsætisnefndar.

Starfsnefndir þingsins skulu senda umsögn sína til forsætisnefndar eftir fyrri umræðu um frumvarpið.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en eftir útbýtingu álits forsætisnefndar. Skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær en auk forsætisnefndar hefur sérhver þingfulltrúi rétt til að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið. Þegar umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja grein frumvarpsins og breytingartillögur við þær og loks frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum ef einhverjar eru. Séu engar breytingartillögur má þó bera frumvarpið upp í heild.

Um meðferð frumvarpsins fer að öðru leyti eftir starfsreglum þingsins.

■ **27. gr. Frumvarp sent Alþingi.**

Þegar stjórnlagabing hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal það sent Alþingi til meðferðar.

■ **28. gr. Starfsreglur.**

Forsætisnefnd Alþingis setur stjórnlagabingi starfsreglur.

Stjórnlagabing getur ákveðið að leggja til breytingar á starfsreglunum og skulu þær staðfestar af forsætisnefnd Alþingis.

■ **29. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Við gildistöku þessara laga skal forsætisnefnd Alþingis skipa þriggja manna undirbúningsnefnd stjórnlagabings til að undirbúa stofnun og starfsemi þingsins ásamt undirbúningi þjóðfundar og skal nefndin ráða framkvæmdastjóra. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af forsætisráðherra.

Nefndin skal undirbúa kynningu á starfsemi þingsins og setja upp vefsíðu þess, útvega húsnæði og undirbúa ráðningu starfsmanna þingsins. Þá skal hún hefja gagnaöflun til undirbúnings fyrir tillögugerð stjórnlagabings.

Við samþykkt laga þessara skal Alþingi kjósa sjö manna stjórnlaganefnd sem verði sjálfstæð í störfum sínum. Nefndin fái það hlutverk að undirbúa og standa að þjóðfundi um

stjórnarskrármálefni. Þjóðfundinn skal halda tímanlega áður en kosið verður til stjórnlagabings samkvæmt lögunum. Miða skal við að þátttakendur á þjóðfundi verði um eitt þúsund talsins og skulu þeir valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá þannig að gætt sé að eðlilegri skiptingu þátttakenda af landinu öllu og að kynjaskipting sé sem jöfnust. Úrtakið skal bundið við þá sem eiga kosningarrétt til stjórnlagabings og lögheimili á Íslandi. Á þjóðfundinum skal leitast við að kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum almennings varðandi stjórnskipan landsins og stjórnarskrá og breytingar á henni og skal nefndin vinna úr upplýsingum sem safnast á þjóðfundinum og afhenda stjórnlagabingi þegar það kemur saman.

□ Nefndin skal jafnframt annast söfnun og úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst geta stjórnlagabingi og enn fremur leggja fram hugmyndir til stjórnlagabings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kemur saman.

□ [Stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd geta óskað ákvörðunar forseta Alþingis um einstök álitamál vegna undirbúnings þjóðfundar og stjórnlagabings.

□ Kostnaður við boðun og störf þjóðfundar og vegna undirbúnings stjórnlagabings og starfa stjórnlaganefndar skal greiddur úr ríkissjóði.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 120/2010, 7. gr.